



Reykjavík, 25. mars 2025
SFS25030064

Ráðshús Reykjavíkur
Borgarráð

Efni: Tímabundinn flutningur leikskólans Kvistaborgar

Á fundi skóla- og frístundaráðs þann 24. mars 2025 var lögð fram svohljóðandi tillaga sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 13. mars 2025:

Lagt er til að skóla- og frístundaráð samþykki tímabundinn flutning á starfsemi leikskólans Kvistaborgar, Kvistalandi 26, 108 Reykjavík og að starfsemin flytjist að Haðalandi 26, 108 Reykjavík. Gert er ráð fyrir að breytingin nái til loka árs 2026 eða þar til að framkvæmdum að Kvistalandi 26 verður lokið. Þá verði öll starfsemi að nýju að Kvistalandi 26, 108 Reykjavík.

Greinargerð fylgdi.

Tillagan var samþykkt og vísað til borgarráðs.
Tillögunni er hér með vísað til borgarráðs.

Virðingarfyllt

Steinn Jóhannsson
sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Hjálagt:
Tillaga ásamt greinargerð, dags. 13. mars 2025



Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Steinn Jóhannsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Reykjavík, 13. mars 2025

SFS25030064

TILLAGA

Tillaga sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs um tímabundinn flutning leikskólans Kvistaborgar

Lagt er til að skóla- og frístundaráð samþykki tímabundinn flutning á starfsemi leikskólans Kvistaborgar, Kvistalandi 26, 108 Reykjavík og að starfsemin flytjist að Haðalandi 26, 108 Reykjavík. Gert er ráð fyrir að breytingin nái til loka árs 2026 eða þar til að framkvæmdum að Kvistalandi 26 verður lokið. Þá verði öll starfsemi að nýju að Kvistalandi 26, 108 Reykjavík.

Greinargerð:

Til stendur að endurbyggja Kvistaborg og er verkið tilbúið í útboð. Áætlað er að verklok verði við lok árs 2026. Starfsemin var flutt í Haðaland 26 í febrúar 2025. Þar hefur verið komið fyrir Terra einingum sem Fossvogsskóli nýtti áður til kennslu og hefur verið breytt til að aðlaga að þörfum leikskóla.



Reykjavík